

upp á samkvæmt umburðarbrjefi mínu frá 19. septbr. 1877, og sem lagðir hafa verið fyrir alþingi. **104**
22. júní.

Enn fremur vil jeg mælast til þess af yður, herra amtmaður, að þjer leggið ríkt á við umboðsmennina að fylgja nákvæmlega fyrirskipun þeirri, sem gefin er undir 7. tölulið í brjefi ráðgjafans, viðvíkjandi umsjón þeirra með hinum einstöku umboðsjörðum, og einkum að þeir komi minnst einu sinni á ári á hverja jörð, sem tilheyrir umboði þeirra, og senda um það skýrslu til yðar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Samkvæmt þessum skýrslum ber yður, herra amtmaður, þar á eptir að senda hingað í marzmánuði ár hvert aðalskýrslu um eptirlit umboðsmanna hið liðna ár með hinum einstöku jörðum, og látið þjer fylgja þar með þær skýrslur umboðsmanna, er álíta má, að gætu haft þýðingu fyrir landsstjórnina.

Með tilliti til niðurlagsatriðisins í brjefi ráðgjafans er hjer með ákveðið, að hin fyrrverandi spítalaeign Hörgsland skuli frá 1. jan. 1881 fylgja Kirkjubæjar- Flögu- og Þykkvabæjar klaustursumboði, og að hin fyrverandi spítalajörð Hallbjarnareyri leggjzt undir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð frá sama tíma, sem og að hin fyrverandi spítalaeign Möðrufell leggist undir Munkaþverárklaustursumboð, þegar hinn núverandi umboðsmaður Möðrufells sleppir umboði sínu.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um reglugjörð fyrir hreppstjóra.* — Að fengnu álití amtsráðanna samkvæmt 52. gr. tilskipunar um sveitastjórn frá 4. maí 1872 hefi jeg 29. apríl þ. á. gefið út reglugjörð þá fyrir hreppstjóra, sem prentuð er í stjórnartíðindum þ. á. B. 68., og sendi jeg yður, herra amtmaður, nokkur sjerstaklega prentuð exemplör af reglugjörðinni til útbýtingar milli hreppstjóra í umdæmi yðar, og eruð þjer beðnir að leggja fyrir sýslumenn, að leiðbeina hver í sínu hjeraði hreppstjórum til ítarlegs skilnings á reglugjörðinni, og með tilliti til framkvæmdar á embættisverkum þeim, er kunna að koma fyrir hreppstjóra. **102**
22. júní.

Helztu nýmælin í reglugjörðinni eru fyrirskipanirnar í 40. og 41. gr. reglugjörðarinnar um sambandið milli tíundarframtals og búnaðarskýrslnanna og um nýja fyrirmynd fyrir þessum skýrslum. Breyting þessi ætlast jeg til, að nái gildi í fardögum 1881, og munu yður verða send eyðublöð undir skýrslurnar fyrir þann tíma.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um heimildarlausan flutning á sveitarómaga og endurgjald á sveitarstyrk.* — Vorið 1862 fluttist Úlfheiður Magnúsdóttir með bónda sínum úr Bøjarhreppi í Skaptafellssýslu, þar sem þau þá voru sveitlæg, austur í Fáskrúðsfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu. Árið 1867 dó bóndi hennar, og skrifaði hreppstjórninn í Fáskrúðsfjarðarhreppi 20. desbr. 1869 Bøjarhreppi, að ekkjan væri orðin ómagi að öllu leyti, og haustið þar á eptir var hún, eptir að Bøjarhreppur hafði játað hana sveitlæga þar, flutt með vegabrjefi sýslumannsins í Suðurmúlasýslu frá 19. september 1870 til Bøjarhrepps. En hreppstjórnir í Bøjarhreppi fluttu hana þegar aptur austur, og var hún eptir það á vegum sonar síns í Fáskrúðsfjarðarhreppi, þangað til hann drukknaði 21. júlí 1873. Hreppsnefndin í Fáskrúðsfjarðarhreppi varð nú að taka hana til fullkominnar framferslu, og ritaði síðan sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu 16. nóvbr. 1874 sýslumanninum í Skaptafellssýslu um að útvega viðurkenning hreppsnefndarinnar í Bøjar- **103**
26. júní.

103 hreppi fyrir sveitfesti Úlfheiðar. Í brjefi frá 10. júlí 1875 neitaði hreppsnefndin í Bøjarhreppi, að Úlfheiður væri þar sveitlæg, og bar fyrir sig, að hún með því að dvelja 26. júní. 11 ár 1862—1873 í Fáskrúðsfjarðarhreppi væri orðin þar sveitlæg, og úrskurðuðu þjer, herra amtmaður, 16. maí 1879 þenna ágreining þannig, að með því, að Úlfheiður hefði ekki orðið ekkja fyrr en 1867, hefði hún samkvæmt 6. gr. fátökrareglugjörðarinnar fyrst á þessu ári getað farið að vinna sjer inn sveit í Fáskrúðsfjarðarhreppi, en spurning hjer um væri aptur fallin burt með sveitarstyrk þeim, er hún hefði það á fardagaárinu 1873—1874, og væri Bøjarhreppur því skyldur að endurgjalda Fáskrúðsfjarðarhreppi það, sem lagt hefði verið síðan með Úlfheiði til dauða hennar 23. nóvbr. 1878 og þar að auki útfararkostnað hennar.

Úrskurði þessum hefir Bøjarhreppur áfrýjað hingað, og vil jeg eptir að hafa meðtekið álit yðar um málið, og leitað ítarlegri skýringa úr norður- og austurumdæminu tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er hjer segir. Helzta ástæða Bøjarhrepps fyrir áfrýjuninni er sú, að Bøjarhreppur hafi ekki verið aðvaraður um styrk þann, er lagður var með þurfalingnum; en það er nú hvorttveggja, að slík aðvörun lá í brjefi sýslumannsins í Suðurmúlasýslu frá 16. nóvbr. 1874, enda hafði Bøjarhreppur með hinum heimildarlausu flutningi sínum á ómaganum austur í Fáskrúðsfjarðarhrepp haustið 1870 gefið þessum hreppi ástæðu til að halda, að Bøjarhreppur vildi heldur leggja með ómaganum þar en heima hjá sjer. Það liggur í augum uppi, að sá hreppur, er vill ve-fengja ómaga-flutning, er farið hefir fram á löglegan hátt að ráðstöfun sýslumanns, verður að gjöra það með áfrýjun til þeirra stjórnarvalda, er yfir sýslumanni eru skipuð, en ef hreppstjórnin tekur sjálfri sjer rjett í þessu tilliti og þvert ofan í vegabrjef sýslumanns flytur ómagann aptur sömu leið og hann kom, verður hreppurinn hvað öðru líður að missa rjett sinn til síðan að heimta ómagann aptur fluttan til sín að ráðstöfun hins opinbera, eins og hann einnig verður að bera þann aukakostnað, sem leiðir af því, að koma ómaganum fyrir fyrir utan framfærsluveit hans um lengri tíma, en annars væri nauðsynlegt, þegar ekki væri um annað en bráðabirgða-styrk að ræða.

Að því leyti Bøjarhreppsnefnd hefir borið sig upp undan því, að arfur Úlfheiðar eptir fyrnefndan son sinn hafi ekki komið upp í meðlagið með henni, er það nú nægilega sannað, að þessum arfi hafi verið eytt henni til framfærslu árið 1872—73, áður en hún þáði styrk þann, er lagður var með henni þaðan. Loksins finn jeg eptir hinum ítarlegri skýrslum, en nú hafa komið fram í málinu, enga ástæðu til að breyta úrskurði amtsins að því leyti hann skyldar Bøjarhrepp til að endurgjalda Fáskrúðsfjarðarhreppi útfararkostnað ómaga þess, er hjer er um að ræða, með 32 kr.

Samkvæmt því sem þannig er tekið fram, og með skírskotun til ástæða þeirra, er þjer, herra amtmaður, hafið tilgreint, skal hinn áfrýjaði úrskurður yðar óraskaður standa, og býst jeg við, að þjer sjáið um, að Bøjarhreppur endurgjaldi Fáskrúðsfjarðarhreppi, sem fyrst án frekari undandráttar hina úrskurðuðu fjárupphæð 360 kr. 20 a.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 1. dag júlímán. veitti landshöfðingi presti Múla og Flateyjar safnaða í Barðastrandar-prófastsdæmi síra Andrjesi Hjaltasyni lausn frá prestsembætti frá 1. október þ. á., að telja, og með eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febr. þ. á. (A. 4.).

Sama dag leyfði landshöfðingi síra Eyjólfí Jónssyni að vera kyrrum í Kirkjubólspingum og Staðarprestakalli á Snæfjallaströnd, eins og veiting sú sem fram fór 24. maímán. þ. á. handa honum á Selvogspingum í Árness prófastsdæmi hefði ekki átt sjer stað.